

## VIÐAUKI 8

### ATHUGUN Á HÁVAÐA Í GRUNDAHVERFI FRÁ VÍFILSSTAÐAVEGI

Snorri Sigurjónsson, Hönnun hf 2001

#### ATHUGUN Á HÁVAÐA Í GRUNDAHVERFI FRÁ VÍFILSSTAÐAVEGI.

Skoðað var hljóðstig við innstu hús í Marargrund, norðan götu, en þau eru tæpa 20m frá götukanti Vífilsstaðavegar.

Reiknað var fyrir 12000 og 18000 bíla/sólarhring þ.e. umferð árið 2020 með eða án bryggjuhverfis.

Án hljóðmanar fást 63,0dB og 65,0dB, bryggjuhverfið eykur hljóðstig um 2,0dB.

Með 2m hljóðmön fást 54,0dB og 55,5dB, bryggjuhverfið eykur hljóðstig um 1,5dB.

Mönin lækkar hljóðstigið um 9,0dB og 9,5dB miðað við mön með topp 8m frá götukanti.

Mön sem er 3m há (miðað við götu) á sama stað lækkar hljóðstigið um 4,5dB til viðbótar.

Verið er að byggja mönina og því ekki ljóst um endanlegt form hennar en samkvæmt ofanskráðu eru allar líkur á að hún nægi til að lækka hljóðstig niður í áskilin 55dB.

Umferðarukning vegna bryggjuhverfis leiðir til 1,5-2,0dB hækkunar hljóðstigs óháð stærð og umfangi manar.

Til að dekkja þessa hækkun þarf að hækka mönina um 0,35-0,45m en ekki nema um 0,10m til að koma hljóðstigi við 2m mön niður í 55dB.

Nær bryggjuhverfinu eru hús 40-50m frá Vífilsstaðavegi og umferðin ekki nema 6000 og 1200 bílar svo að þar ættu hljóðvistarmál að vera í góðu lagi með gerð lítilla mana.

Snorri Sigurjónsson